Lesbók Morgunblaðsins
22. tbl. 25. júní 1983 — 58. árg.



SALTFISKURINN OG PLÁSSIÐ

Að venju hafa margir ráðizt í að sýna verk sín á þessu vori, þar á meðal Sveinn Björnsson, sem hélt svipmikla og athyglisverða sýningu á Kjarvalsstöðum.

Sveinn hefur kjark til að ráðast í stórverk, sem eru þó einatt óseljanleg. Myndin að neðan heitir „Þjóðarhagur“ og er 4 metrar á breidd. Hér er horft aftur í tímann: Skútuöld og saltfiskur breiddur til þerris. Um leið eru þetta persónulegar minningar: „Við biðum eftir því að sjá flaggað í Firðinum og þá fór mamma með okkur krakkana, fimm talsins, að breiða saltfisk.“

Þetta er þó ekki endilega Hafnarfjörður á myndinni, segir Sveinn, heldur íslenzka sávarþorpið hvar sem er. Á efri myndinni er Sveinn með sjálfsmynd, sem var á sýningunni á Kjarvalsstöðum.

